

# Reglur um skiptinám, mat á utandeildarnámi og M-námskeið

Samþykktar á deildarfundi 27. janúar 2009, með breytingum samþykktum á deildarfundi 30. nóvember 2010, 25. ágúst 2015, 29. september 2015 og 26. apríl 2016

## 1. gr.

Lagadeild getur heimilað að nám við aðrar háskóladeildir eða aðra háskóla verði metið sem hluti af meistaranámi. Nám, sem lokið var við fyrir 10 árum eða meira þegar umsókn er send Lagadeild, fæst ekki metið við deildina.

Áskilið er, að námið hafi, að mati Lagadeildar, slík sérstök tengsl við lögfræði, að eðlilegt þyki að meta það sem hluta af laganámi, sbr. 11. mgr. 91. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Umsókn skal fylgja rökstuðningur þar um.

Við mat á umsókn skal miðað við að námskeið sé á meistarastigi og ekki sé boðið upp á sambærilegt námskeið í Lagadeild. Heimilt er í undantekningartilvikum að meta grunnnámskeið til eininga í meistaranámi standi sérstök rök til þess, en þó aldrei fleiri en 12 ECTS.

## 2. gr.

Almennt verða ekki samþykktar fleiri en 30 ECTS. við aðrar háskóladeildir og aðra háskóla og aðeins ef um er að ræða samstætt nám við sömu deild. Í undantekningartilvikum er hægt að samþykkja allt að 60 ECTS. samkvæmt 4. gr.

### 2. gr. a

Lagadeild býður á hverju misseri upp á allt að þrjú námskeið í meistaranámi sem standa stúdentum í grunnnámi til boða (M-námskeið). Námsnefnd ákveður hvaða meistaranámskeið skuli kennd sem M-námskeið. Einungis þeir stúdentar í grunnnámi, sem lokið hafa a.m.k. 140 ECTS í grunnnámi, geta tekið M-námskeið. Auk þess verður stúdent að vera skráður í öll þau námskeið sem hann á ólokið í grunnnámi og stefna á útskrift á viðkomandi skólaári. Þegar stúdent í grunnnámi hefur meistaranám færast þau M-námskeið sem hann hefur lokið inn á námsferil í meistaranámi. Stúdent getur ekki tekið fleiri M-námskeið en samsvarar 30 ECTS.

## 3. gr.

Ef um er að ræða ósamstætt nám við aðrar háskóladeildir er það metið að hámarki til 12 ECTS.

## 4. gr.

Stúdent sem lokið hefur BA-prófi og verið skráður í meistaranám og stúdent sem ekki hefur lokið BA-prófi í lögfræði en hyggst ljúka því áður en skiptinám hefst, má sækja um skiptinám við lagadeild erlends háskóla sem Lagadeild hefur gert samning við.

Stúdent getur stundað fullt skiptinám í eitt misseri og fengið það metið til allt að 30 ECTS. Stúdent getur ekki fengið samþykkt sambærileg námskeið í skiptinámi sem hann hefur þegar tekið í meistaranámi við deildina. Stúdent getur að sama skapi ekki skráð sig í sambærileg meistaranámskeið í Lagadeild sem hann hefur þegar tekið í skiptinámi.

Lagadeild getur heimilað allt að 60 ECTS nám ef það er stundað við lagadeildir tiltekinna, viðurkenndra háskóla. Námsnefnd Lagadeildar metur hverju sinni hvaða háskólar teljast viðurkenndir háskólar í skilningi ákvæðisins. Skilyrði fyrir því að meira en 30 ECTS nám við erlendar lagadeildir verði heimilað, er að stúdent hafi sótt um það til Lagadeildar og fengið samþykki námsnefndar **áður** en námið er hafið sbr. 8. gr.

Velji stúdent að stunda skiptinám við erlenda lagadeild getur hann ekki fengið námsgreinar við aðrar deildir Háskóla Íslands eða aðra háskóla metnar sem hluta meistaranáms. Hafi stúdent fengið metin námskeið skv. 2. eða 3. gr. í meistaranám sitt við deildina getur hann ekki sótt um skiptinám nema lýsa því yfir að hann óski eftir í umsókn um skiptinám að slík metin námskeið verði skráð af meistaraferli hans.

Ef stúdent hefur ekki lokið BA-prófi í lögfræði þegar hann sækir um skiptinám, en hyggst ljúka því áður en skiptinám hefst og sú áætlun hans bregst, fellur umsókn hans um skiptinám sjálfkrafa og án frekari viðvörunar úr gildi.

#### **5. gr.**

Í stað námsgreina í meistaranámi við Lagadeild getur stúdent valið allt að 30 ECTS í reikningsskilum við Viðskiptafræðideild af þeim námskeiðum sem boðið er upp á hverju sinni í þverfaglegu námi Lagadeildar og Viðskiptafræðideildar í skattarétti og reikningsskilum. Velji stúdent að stunda nám skv. 1. mgr. getur hann ekki valið fleiri námsgreinar við aðrar deildir Háskólans eða aðra háskóla sem hluta meistaranáms.

Námskröfur og fyrirkomulag kennslu og prófa í framangreindum námsgreinum fer eftir gildandi reglum Viðskiptafræðideildar á hverjum tíma, þó með fyrirvara hvað varðar lágmarkseinkunnir, sbr. 7. grein reglna þessara.

Ljúki stúdent 30 ECTS í reikningsskilum skulu þau námskeið færð á námsferilsyfirlit hans með einkunnum. Hætti stúdent við að ljúka 30 ECTS í reikningsskilum að fullu skal hann fá námskeið sem hann hefur lokið færð á námsferil með orðunum „metið“.

#### **6. gr.**

Hver námsgrein, sem viðurkennd er úr öðrum deildum en Lagadeildum, er aldrei viðurkennd til fleiri en 6 ECTS.

#### **7. gr.**

Til þess að standast próf í utandeildarnámsgreinum skal stúdent hljóta einkunnina 6,0 hið minnsta í hverri grein en ef lágmarkseinkunn í þeirri deild, þar sem nám er stundað, er hærrí í hlutaðeigandi námsgrein, verður stúdent að hljóta minnst þá einkunn.

#### **8. gr.**

Beiðni um skiptinám, töku M-námskeiða og mat á námi við aðrar háskóladeildir og aðra háskóla er afgreidd í námsnefnd Lagadeildar

Námssamningur vegna skiptináms, sem nemandi hyggst taka á komandi skólaári, skal berast alþjóðarfulltrúa Lagadeildar í síðasta lagi 10. janúar vegna skiptináms utan Evrópu og 15. febrúar vegna skiptináms innan Evrópu. Að fengnu samþykki námsnefndar Lagadeildar á námssamningi skal nemandi skila umsókn um skiptinám til Skrifstofu alþjóðasamskipta eigi síðar en 15. janúar vegna skiptináms utan Evrópu og 1. mars vegna skiptináms innan Evrópu.

Með námssamningi skulu fylgja ítarlegar námskeiðalýsingar um erlendu námskeiðin.

Þegar metið er nám í lögfræði við aðrar háskóladeildir og aðra háskóla, sem stúdent hefur staðist, skal það fært á námsferilsyfirlit hans með orðunum „metið“.

#### **9. gr.**

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað og gilda um þá stúdentu sem ljúka kandidats- eða meistaraþrófi við Lagadeild Háskóla Íslands vorið 2009 og síðar.

#### **Ákvæði til bráðabirgða.**

Stúdentar sem við setningu þessara reglna hafa tekið námskeið við aðrar háskóladeildir og reikna með að fá þau metin samkvæmt gildandi reglum skulu hafa heimild til að sækja um mat á þeim námskeiðum fyrir 1. september 2016.